



Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Október 2019 (87. fundur)

Birt: 16. október 2019

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að það sé hlutverk peningastefnunefndar að ákvarða vexti og önnur stýritæki peningastefnunnar og að „[opinberlega skuli] birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra“. Í samræmi við löggin hefur peningastefnunefndin ákveðið að birta fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum sínum tveimur vikum eftir hverja ákvörðun. Þar koma einnig fram upplýsingar um atkvæði einstakra nefndarmanna.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 30. september og 1. október 2019, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, vaxtaákvörðunina 2. október og kynningu þeirrar ákvörðunar.

I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um vaxtaákvörðunina ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlendan þjóðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá vaxtaákvörðun nefndarinnar 28. ágúst 2019.

Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í ágúst hækkaði gengi krónunnar um 1,8% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Á sama tímabili hækkaði það um 2,5% gagnvart evru, um 0,3% gagnvart bresku pundi og um 0,6% gagnvart Bandaríkjadal. Á milli funda keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 15 m. evra (2 ma.kr.) og nam hlutur Seðlabankans um 11% af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans hafði aukist frá því rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í ágúst. Raunvextir bankans voru 0,7% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og höfðu hækkað um 0,3 prósentur milli funda. Miðað við ársverðbólgu voru þeir 0,5% og höfðu hækkað um 0,1 prósentu milli funda.

Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu í takt við vaxtalækkun Seðlabankans í ágúst en velta á markaðnum nam um 1 ma.kr. á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað um 0,3 prósentur frá ágústfundi nefndarinnar og krafa lengri verðtryggðra ríkis- og íbúðabréfa um 0,1 prósentu. Meðalvextir óverðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað með áþekkingu hætti en meðalvextir verðtryggðra húsnæðislána höfðu lækkað minna.

Vaxtamunur gagnvart útlöndum miðað við þriggja mánaða millibankavexti hafði heldur minnkað milli funda. Hann var 4,6 prósentur gagnvart evrusvæðinu en 2,1 prósentu gagnvart Bandaríkjunum. Mismunur langtímavaxta minnkaði um 0,5 prósentur og var 3,9 prósentur gagnvart Þýskalandi og 1,7 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs breyttust lítið milli funda. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,8% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldabréfum var 0,5-0,7 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess ýmist að peningastefnunefnd myndi lækka vexti bankans um 0,25 prósentur eða halda þeim óbreyttum. Helstu rök þeirra fyrir lækkun vaxta voru þau að verðbólguvæntingar hefðu lækkað og gengi krónunnar hækkað á milli funda. Helstu rök fyrir óbreyttum vöxtum var óvissa um útkomu ólokinna kjarasamninga opinberra starfsmanna auk þess sem ferðaþjónustan virtist koma betur undan sumri en óttast hafði verið.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) var tæplega 5% í ágúst sé leiðrétt fyrir innlánnum fallinna fjármálafyrirtækja. Vöxturinn helgast sem fyrr að stærstum hluta af meiri innlánnum heimila. Leiðrétt fyrir áhrifum skuldalækkunaraðgerða stjórnvalda má áætla að útlánastofn lánakerfisins til innlendra aðila hafi stækkað um 6½% milli ára í ágúst. Á sama tíma jukust útlán til heimila um 6½% milli ára og útlán til atvinnufyrirtækja um tæp 5%.

Úrvalsvisitala Kauphallarinnar, OMXI10, lækkaði um 4% á milli funda. Velta á aðalmarkaði nam 410 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er um 23% meiri velta en á sama tímabili í fyrra.

Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

Samkvæmt uppfærðri spá Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem birt var í september sl. hafa horfur í heimsbúskapnum versnað. Gert er ráð fyrir 2,9% hagvexti í heiminum í ár og 3% á því næsta sem er 0,3-0,4 prósentum minni vöxtur en stofnunin spáði í maí sl. Gangi spáin eftir yrði þetta minnsti heimshagvöxtur síðan í fjármálakreppunni. Minni hagvöxt í heiminum má bæði rekja til verri horfa í þróuðum ríkjum og nýmarkaðsríkjum en OECD lækkaði hagvaxtarspá sína fyrir flest G20-ríkin. Meðal þróaðra ríkja er einkum gert ráð fyrir minni hagvexti í Bandaríkjunum og Ástralíu en einnig í Bretlandi og á evrusvæðinu. OECD telur meiri líkur á að heimshagvexti sé ofspáð fremur en vanspáð. Hagvöxtur gæti m.a. orðið minni ef alþjóðlegar viðskiptadeilur magnast enn frekar og ef Bretland gengur úr Evrópusambandinu (ESB) án samnings.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 79 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins á föstu gengi. Á sama tíma í fyrra var um 134 ma.kr. halli á föstu gengi. Minni halli nú skýrist af útflutningi á flugvélum í byrjun þessa árs en einnig hefur verðmæti innflutnings dregist saman um 10% það sem af er ári. Samdráttur innflutningsverðmætis án skipa og flugvéla hefur aukist eftir því sem liðið hefur á árið. Hefur það dregist saman um tæp 15% undanfarna þrjú mánuði miðað við sama tíma í fyrra og fara þarf aftur til ársins 2009 til að finna meiri samdrátt á þennan mælikvarða. Munar mest um minna innflutningsverðmæti eldsneytis og smurolíu en einnig dróst verðmæti flutningatækja, hrá- og rekstrarvöru saman. Verðmæti útflutnings án skipa og flugvéla dróst saman um tæplega 6% milli ára á fyrstu átta mánuðum ársins, einkum á iðnaðarvöru en til viðbótar dróst útflutningsverðmæti sjávarafurða saman um liðlega 1%.

Miðað við skráð heimsmarkaðsverð lækkaði álverð um rúmlega 2% milli funda peningastefnunefndar og var tæplega 17% lægra en á sama tíma í fyrra. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi hækkað um 7% milli ára á fyrstu átta mánuðum ársins. Heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði snögglega um miðjan septembermánuð í kjölfar árásar á olíuvinnslustöðvar í Sádi-Arabíu. Sú hækkun gekk til baka og var olíuverð tæplega 59 Bandaríkjadalir á tunnuna rétt fyrir októberfund peningastefnunefndar. Það er svipað verð og var rétt fyrir ágústfund nefndarinnar en rúmlega 30% lægra en í byrjun október í fyrra.

Raungengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 2,6% milli mánaða í ágúst og var þá 9,7% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs en 14,4% undir því sem það fór hæst í júní 2017. Á fyrstu átta mánuðum ársins var raungengi á þennan mælikvarða 9,5% lægra en á sama tímabili í fyrra og má rekja lækkunina til 10,9% lækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var 1,5 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í lok ágúst var 2,7% árshagvöxtur á öðrum ársfjórðungi. Þjóðarútgjöld jukust um 0,2% en framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var jákvætt um sem nemur 2,6 prósentum. Bæði útflutningur og innflutningur drógust saman milli ára á tímabilinu en samdráttur innflutnings var mun meiri.

Hagvöxtur var 0,9% á fyrri hluta ársins. Neysla og fjárfesting minnkuðu um 1,4% milli ára á tímabilinu en vegna mikils samdráttar í birgðabreytingum á fyrsta ársfjórðungi var samdráttur þjóðarútgjalda talsvert meiri eða 2,4%. Þrátt fyrir samdrátt í útflutningi var framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar jákvætt um sem nam 3,3 prósentum þar sem innflutningur minnkaði um 10,6% frá fyrra ári. Í samanburði við spána sem birtist í *Peningamálum* í ágúst var hagvöxtur tæplega ½ prósentu meiri en þar var spáð. Þróun einkaneyslu, íbúðafjárfestingar og útgjalda hins opinbera á fyrri hluta ársins var í takt við spána en samdráttur atvinnuvegafjárfestingar var meiri. Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar var meira en búist var við, einkum vegna veikari innflutnings.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður um 11,1 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi sem er hagstæðari niðurstaða en á sama tíma í fyrra þegar mældist 4,4 ma.kr. halli. Skýrist það að stærstum hluta af minni halla á vöruviðskiptum. Þá var jöfnuður frumþáttatekna að meðtöldum rekstrarframlögum einnig jákvæðari nú en í fyrra. Afgangur á þjónustuviðskiptum jókst lítillega á milli ára sem var hagstæðari niðurstaða en búist var við í ágústspá bankans.

Helstu vísbendingar um þróun einkaneyslu á þriðja ársfjórðungi voru heldur veikari en þær voru á öðrum fjórðungi sem gefur til kynna að áfram muni draga úr vexti hennar. Væntingavísitala Gallup mældist 99,2 stig í september sem var nokkru hærra en í mánuðinum á undan og hækkaði vísitalan einnig milli ára. Vísitalan var einnig að jafnaði lítillega hærri á þriðja ársfjórðungi en hún var á öðrum fjórðungi.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði í samræmi við áætlaða afkomu ársins samkvæmt fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Við endurmat fjármála- og efnahagsráðuneytisins um afkomu ársins 2019 samanborið við fjárlög fyrir það ár versnar afkoman um 1,3 prósentur af landsframleiðslu. Miðað við afkomu ársins 2018 samkvæmt tölum Hagstofunnar og áætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir afkomu ársins 2019 versnar afkoman um 1,2 prósentur af landsframleiðslu milli áranna 2018 og 2019. Fjármála- og efnahagsráðuneytið áætlar jafnframt að óleiðréttur afgangur á frumjöfnuði minnki um allt að 1,4 prósentur af landsframleiðslu milli áranna 2018 og 2019. Í hvaða mæli

Þessi áætlun felur í sér breytingu á mati Seðlabankans á aðhaldi í ríkisfjármálum á þessu og næsta ári mun ráðast af því hvernig spár um afkomu og framleiðsluspennu munu þróast.

Samkvæmt niðurstöðum haustkönnunar Gallup sem framkvæmd var í september meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna nokkru betri en í sumarkönnuninni en heldur lakari en í haustkönnuninni fyrir ári. Viðhorf stjórnenda til horfa á næstu sex mánuðum er þó heldur jákvæðara en bæði í sumar og haustið 2018. Um 56% stjórnenda töldu núverandi aðstæður hvorki góðar né slæmar og um 29% töldu þær góðar. Horft til næstu sex mánaða telja 30% stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu versni og um 49% að þær verði hvorki betri né verri. Um fimmtungur stjórnenda telur að aðstæður verði betri eftir sex mánuði eða heldur fleiri en í sumar. Stjórnendur eru þó lítils háttar svartsýnni um þróun innlendar eftirspurnar en í sumarkönnuninni, einkum stjórnendur í verslun og byggingarstarfsemi.

Samkvæmt könnuninni eru viðhorf til rekstrarhorfa jákvæðari en í vorkönnuninni og álíka mörg fyrirtæki telja nú að hagnaður sem hlutfall af veltu verði meiri í ár en í fyrra og að hann verði minni. Viðhorf batna meðal stjórnenda í öllum greinum en einkum meðal stjórnenda fyrirtækja í sjávarútvegi og fjármála- og tryggingastarfsemi. Áfram telja fleiri stjórnendur að fjárfesting verði minni í ár en í fyrra.

Samkvæmt árstíðarleiðréttum niðurstöðum haustkönnunarinnar var munur á hlutfalli fyrirtækja sem vildu fjölga starfsfólki og þeirra sem vildu fækka því neikvæður um 7 prósentur. Stjórnendur voru því heldur minna svartsýnir en þeir voru í sumarkönnuninni þegar hann var neikvæður um 12 prósentur. Áfram eru horfur á fjölgun starfa í ýmissi sérhæfðri þjónustu og verulega dró úr svartsýni milli kannana í sjávarútvegi og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu þar sem álíka margir stjórnendur vildu fjölga starfsfólki og fækka því. Á móti voru viðhorf stjórnenda í byggingastarfsemi og veitum og í verslun heldur svartsýnni en í sumar og að fjármálastarfsemi meðtalinni er útlit fyrir nokkra fækkun starfa í greinum.

Sé leiðrétt fyrir árstíð töldu 15% stjórnenda vera skort á starfsfólki sem er lítillaga hærra hlutfall en í sumarkönnuninni. Skorturinn var áfram mestur í ýmissi sérhæfðri þjónustu þar sem 25% stjórnenda töldu sig búa við skort en næst mestur var hann í sjávarútvegi þar sem hlutfallið hækkaði um 17 prósentur milli kannana og mældist 21%. Sáralítill skortur var í verslun og enginn stjórnandi í fjármála- og tryggingastarfsemi taldi sig búa við skort á starfsfólki. Skorturinn var undir langtímameðaltali í öllum atvinnugreinum, að sjávarútvegi undanskildum.

Um 41% stjórnenda taldi fyrirtæki sitt eiga í vandræðum með að mæta óvæntri eftirspurn, að teknu tilliti til árstíðarsveiflu. Hlutfallið var lítið breytt frá sumarkönnuninni og hefur verið nálægt langtímameðaltali sínu frá haustkönnuninni í fyrra. Tæplega þrjú af hverjum fimm stjórnendum í ýmissi sérhæfðri þjónustu töldu sig eiga erfitt með að mæta óvæntri eftirspurn en nálægt einn af hverjum fjórum stjórnendum í verslun, fjármálastarfsemi og samgöngum, flutningum og ferðaþjónustu voru sömu skoðunar.

Launavísitalan var nær óbreytt milli mánaða í ágúst og hækkaði um 4,3% milli ára. Raunlaun voru 1,1% hærri en á sama tíma árið 2018.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok september, hækkaði um 0,2% milli mánaða sé litið framhjá árstíðarsveiflu en um 3,3% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 0,7% milli mánaða í ágúst að teknu tilliti til árstíðar en um 3,6% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fækkaði um 8,5% á fyrstu átta mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum með nýbyggingar um 14,1% á sama tímabili.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,09% milli mánaða í september. Ársverðbólga mældist 3% og hjaðnaði frá ágústfundi peningastefnufndar. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hafði hækkað um 2,9% frá september í fyrra. Undirliggjandi verðbólga jókst hins vegar milli funda og var 3,4% í september miðað við miðgildi ólíkra mælikvarða. Verðhækkanir vegna útsöluloka höfðu mest áhrif í september en lækku flugfargjalda vó upp á móti. Áfram hefur hægt á hækku kostnaðar vegna eigin húsnæðis sem hafði í september aukist um rúmlega 2% sl. tólf mánuði.

Samkvæmt haustkönnunum Gallup lækkuðu verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja til eins árs frá síðustu könnunum. Heimilin vænta að verðbólga verði 3% að ári liðnu og væntingar fyrirtækja eru komnar í verðbólguþröng. Væntingar heimila og fyrirtækja til tveggja ára eru um og yfir 3% og hafa lækkað frá því á sama tíma í fyrra. Langtímaverðbólguvæntingar þeirra eru einnig 3% og lækka væntingar heimila frá sumarkönnuninni. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til fimm og tíu ára var um 2,4% rétt fyrir fund nefndarinnar og hafði lækkað um 0,3 prósentur frá ágústfundinum. Álagið til tíu ára var 2,7% á þriðja ársfjórðungi sem er 1 prósentu lægra en á þriðja ársfjórðungi í fyrra.

II Vaxtaákvörðunin

Nefndin fjallaði um tillögur um afmörkun viðskipta við Seðlabanka Íslands og í því sambandi um breytingar á reglum um viðskipti lánaþyrtækja og annarra aðila við Seðlabanka Íslands og bindiskyldu lánaþyrtækja. Í kjölfar umræðu um tillögurnar voru þær samþykktar af nefndinni.

Nefndarmenn ræddu taumhald peningastefnunnar í ljósi nýjustu upplýsinga um framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu hækkað frá ágústfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en á fundinum í ágúst hafði nefndin ákveðið að lækka vexti í ljósi þess að hagvaxtarhorfur fyrir næsta ár hefðu versnað og útlit var fyrir að verðbólga myndi hjaðna hraðar en spáð var í maí. Einnig væru hagvaxtarhorfur mögulega ofmetnar m.a. vegna versnandi skilyrða í alþjóðlegum efnahagsmálum.

Nefndin fjallaði um bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga en samkvæmt þeim hægði áfram á hagvexti á fyrri hluta þessa árs þótt hann hafi verið heldur meiri en gert var ráð fyrir í ágústhefti *Peningamála*. Nefndarmenn tóku mið af því að meiri vöxtur skýrðist einkum af hagstæðara framlagi utanríkisviðskipta þar sem eftirspurn beindist í meira mæli að innlendi framleiðslu og hefði það vegið upp á móti samdrætti í útflutningi. Nefndarmenn voru sammála um að leiðandi vísbendingar bentu til þess að áfram myndi hægja á vexti efnahagssumsvifa en töldu það jákvætt að sjá mætti merki þess að þjóðarbúið væri mögulega að ná viðspyrnu. Fram kom í umræðunni að vísbendingar væru um að stjórnendur fyrirtækja væru lítillaga jákvæðari um núverandi stöðu og efnahagshorfur en á fyrri hluta ársins. Hins vegar var nefnt að óvissa væri fyrir hendi á vinnumarkaði og að aðstæður gætu versnað í vetur, einkum hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

Nefndin ræddi verðbólguþróunina en verðbólga mældist 3,1% á þriðja ársfjórðungi og hjaðnaði milli fjórðunga. Nefndarmenn veittu því athygli að undirliggjandi verðbólga hefði hins vegar aukist milli mánaða í september. Mæld verðbólga var lítillaga minni en spáð var í ágúst og tóku nefndarmenn einnig mið af því að horfur væru á að hún myndi hjaðna hraðar en gert var ráð fyrir. Lögð var áhersla á að gengi krónunnar hefði hækkað og verðbólguvæntingar lækkað frá síðasta fundi nefndarinnar. Taumhald peningastefnunnar hefði því aukist lítillaga. Fram kom í umræðunni að jákvætt væri að verðbólguvæntingar hefðu áfram lækkað og væri það vísbending um aukinn trúverðugleika peningastefnunnar.

Nefndarmenn voru sammála um að nýleg þróun benti til þess að efnahagssumsvif hefðu verið þróttmeiri en gert hafði verið ráð fyrir. Fram kom að raunhagkerfið væri nokkuð sterkt miðað

við þau efnahagsáföll sem hefðu átt sér stað snemma á þessu ári. Að þeirra mati mætti að hluta til þakka það þeim skrefum sem höfðu verið tekin til að draga úr taumhaldi peningastefnunnar. Efnahagshorfur væru hins vegar óvissar, sérstaklega í alþjóðlegum efnahagsmálum, og því gæti dregið hraðar úr innlendum hagvexti en nú væri búist við. Nokkur umræða varð um að þrátt fyrir að hægt hefði á útlánavexti, einkum til atvinnufyrirtækja, væri enn nokkur vöxtur á útlánum bæði til heimila og atvinnufyrirtækja. Einnig kom fram í umræðunni að í ljósi þess að lánaskilyrði virtust hafa þrengst hjá lánveitendum gæti miðlunin á vaxtalækkunum Seðlabankans í útlánavexti í einhverjum tilfellum verið minni en ella. Hins vegar hefðu vextir á húsnæðislánum lækkað nokkuð og vísbendingar væru um aukna ásókn fyrirtækja í fjármögnun utan hefðbundinnar bankafjármögnunar. Nefndin ræddi einnig horfur á fasteignamarkaði og að dregið hefði úr fjölda kaupsamninga undanfarin misseri á sama tíma og framboð hefði aukist, einkum á hlutfallslega dýrari fasteignum. Fram kom að fjöldi kaupsamninga á íbúðamarkaði væri þó við meðaltal undanfarinna sjö ára eða svipaður og hann var árið 2006.

Nefndin ræddi þá möguleika að halda vöxtum óbreyttum eða lækka vexti um 0,25 prósentur. Helstu rökin fyrir því að hafa óbreytta vexti voru þau að þjóðarbúið hefði verið sterkara á fyrri hluta ársins en búist var við og að nýleg hækkun raunvaxta gæti verið í samræmi við þá þróun. Ekki væri útilokað að einkaneysla reyndist þróttmeiri en talið væri enda hefðu ráðstöfunartekjur hækkað töluvert undanfarin misseri, sparnaður aukist og veðrymi til lántöku væri sögulega hátt. Einnig væru verðbólga og nokkrir mælikvarðar á verðbólguvæntingar enn yfir markmiði auk þess sem undirliggjandi verðbólga hefði þokast upp. Í ljósi slökunar á aðhaldi ríkisfjármála þyrfti einnig minni slökun peningastefnunnar en ella, auk þess sem ekki væri búð að ljúka kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Helstu rökin fyrir því að lækka vexti enn frekar voru þau að þótt núverandi staða efnahagsmála væri betri en spáð var væri aukin hætta á að hagvaxtarhorfur væru ofmetnar, einkum vegna verri efnahagshorfa erlendis, og óvissa hefði aukist. Því gæti verið rétt að lækka vexti til að draga úr hættu á frekari veikingu eftirspurnar. Verðbólga hefði þar að auki verið lítillaga minni á þriðja ársfjórðungi en gert var ráð fyrir og horfur á að hún verði komin fyrir í markmið en talið var auk þess sem verðbólguvæntingar hefðu haldið áfram að lækka og gengi krónunnar hækkað að undanfögnu.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánum, yrðu 3,25%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 3%, vextir af lánum gegn veði til sjö daga 4% og daglánavextir 5%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Að mati nefndarmanna myndi peningastefnan á næstunni ráðast af samspili þróunar efnahagsumsvifa annars vegar og verðbólgu og verðbólguvæntinga hins vegar.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þar að auki sátu fjölmargir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Áslaug Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnunefndarinnar verður birt miðvikudaginn 6. nóvember 2019.